

LV-2013-118



Landsvirkjun



# Fornleifarannsókn í Kringilsárrana

## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2013-118

Dags: október 2013

Fjöldi síðna: 25

Upplag: Rafræn

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til

Titill: Fornleifarannsókn í Kringilsárrana

Höfundar/fyrirtæki: Guðný Zoëga / Byggðasafn Skagfirðinga

Verkefnisstjóri: Árni Jóhann Óðinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Byggðasafn Skagfirðinga

**Útdráttur:** Sumarið 2013 var gerð fornleifakönnun á ætluðum leitarmannakofa í Kringilsárrana. Kofinn hefur líklega verið í notkun á fyrri hluta 19. aldar. Hann hefur verið að hluta niðurgrafinn en þannig hefur þurft lægri vegg og minna torf til byggingar. Töluverðar viðarleifar og flatir steinar lágu í róti í botni tóftarinnar og eru það líklegast leifar kofabaksins. Þakið hefur fyrst fallið niður en síðan hefur torfið úr veggjunum sigið þar ofan á. Engin ummerki voru um að eldur hefði verið kveiktur í tóftinni. Stærð og gerð kofans staðfestir að hann hafi verið skammtíma dvalarstaður sem fellur vel að túlkun minjanna sem leifar leitarmannakofa. Ekki var hægt að greina hvort kofinn hafi verið endurbyggður en hann var í upphafi byggður nokkru eftir að 1477 gjóskan féll og aflagður líklega um eða fyrir Öskjugosið 1875.

**Lykilorð:** Kringilsárrani, leitarmannakofi, tóft, Háslón

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to be "Árni Óðinsson", written over a horizontal line.

LV-2013-118



# Fornleifarannsókn í Kringilsárrana



Byggðasafn Skagfirðinga

Október 2013

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Leitarmannatóft í Kringilsárrana .....	3
Rannsókn 2013 .....	5
Aðferðarfræði við uppgröft .....	6
Skurður 1 – Lýsing jarðlaga .....	6
Aðrir skurðir .....	8
Gjóskulög .....	8
Gripir .....	10
Niðurstöður.....	11
Heimildir: .....	12

## Inngangur

Að beiðni Landsvirkjunar gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifarannsókn á leitarmannakofa við Kringilsá í Kringilsárrana á Brúaröræfum. Tóftin er að hverfa í set úr Háslóni enda liggur hún undir yfirborði lónsins þegar vatnsstaða er hæst. Minjarnar voru ekki í upphaflegri skráningu fornleifa vegna umhverfismats virkjunar við Kárahjúka<sup>1</sup> en Páll Pálsson frá Aðalbóli fann tóftina á vettvangi árið 2002.<sup>2</sup>

Árið 2011 fóru starfsmenn Verkfræðistofu Austurlands og skoðuðu tóftina og hnitsettu og kemur fram í meðfylgjandi minnisblaði frá þeim að tóftin sé að hverfa í set úr lóninu og í frekari hættu vegna aukins jarðvegsrofs. Í bréfi, dagsettu 20. apríl 2012, gerði Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) kröfu um að grafa þyrfti könnunarskurð í tóftina. Markmið fornleifarannsóknarinnar var að reyna að ákvarða frekar aldur og gerð minjanna áður en að þær hyrfu að fullu. Verkefnið var að fullu kostað af Landsvirkjun.

Uppgröfturinn fór fram þann 9. júlí 2013 en þá voru starfsmenn Landsvirkjunar með aðstöðu og bátsferðir við lónið í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Rannsóknin var unnin af fornleifafræðingunum Guðnýju Zoëga og Guðmundi St. Sigurðarsyni.

Sérstakar þakkir fær Skarphéðinn G. Þórisson fyrir minnisblað það sem fylgir skýrslunni og að láta í té myndir af svæðinu bæði fyrir og eftir tilkomu lónsins. Óli Methúsalemsson hjá Verkfræðistofu Austurlands fær einnig þakkir fyrir leyfi til birtingar minnisblaðs með skýrslunni.

---

<sup>1</sup> Sjá skýrslu Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu svæðisins frá 2001.

<sup>2</sup> Sjá meðfylgjandi greinargerð frá Skarphéðni Þórisyni frá 2003.

## Leitarmannatóft í Kringilsárrana



Mynd 1. Loftmynd sem sýnir legu tóftarinnar. Neðst til vinsti á mynd er Kringilsárfoss (Töfrafoss), í Kringilsá. Til hægri á mynd er lækjargrafningurinn sem tóftin liggur við og er staðsetning tóftar merkt með rauðum hring. Myndina tók Skarphéðinn Þórisson úr lofti, sama dag og rannsóknin fór fram þann 9. júlí 2013. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi.

Tóftin liggur um 150m suðaustur frá Kringilsá á austurbakka lækjar grafnings sem rennur í ána um 170m ofan við Kringilsárfoss (Töfrafoss). Í sóknarlýsingu Hofteigsprestakalls frá 1874 segir um nýtingu Kringilsárrana: „*Milli Hringgilssár og Jökulsár er stórt þríhyrnt graslendi sem heitir Hringilssárrani, þar hafa Efradalmenn upprekstur fyrir lömb sín sem dregin eru á drætti yfir Hringilssá, haust og vor, því að hún er bæði vatnsmikil og ströng.*“<sup>3</sup> Kringilsárrani var notaður til beitar á sumrum allt fram að gosinu í Öskju 1875 en þá mun efri hluti Jökuldals hafa farið í eyði og upprekstur á Kringilsárranann ekki hafa verið tekinn upp aftur eftir það. Fé var ferjað yfir Kringilsá á kláfi sem var á ánni, líklega á sama stað og núverandi kláfur.<sup>4</sup> Ekki er getið um tóft í „Rananum“ í sóknarlýsingunni en hennar er fyrst getið í skrifum Pálma Hannessonar um ferð um Brúaröræfi 1933 en þar segir: „*Gljúfur er að Kringilsá alldjúpt með grágrýtishömrum efst, en móbergi niður þaðan. Foss allmikill er efst í*


<sup>3</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar, 2000, bls. 82-83.

<sup>4</sup> Þóra Pétursdóttir, 2005, bls. 64.





*Mynd 2. Tóftin eins og hún leit út sumarið 2003. Horft til vesturs. Ljós. Skarphéðinn G. Þórisson. Birt með leyfi.*



*Mynd 3. Guðmundur Sigurðarson stendur í norðvesturhorni tóftar eins og hún leit út sumarið 2013. Horft í vestur.*


gljúfrinu. Upp frá honum fundum við tættur af leitarmannakofa.“ (Pálmi Hannesson, 1953: 52). Tóftina staðsetti Páll Pálsson svo aftur árið 2002. Í grein Þóru Pétursdóttur í Múlaþingi frá 2005 er að finna lýsingu Páls á tóftinni. Þar segir: „[...] Tóttin er mjög saman sigin, um 180 cm á lengd og nær 150 cm á breidd að innanmáli. Líklega um rúmt fet á dýpt. Fjalarstúfur lá niðri í tóttinni og rétt hjá lá mjó hella. Tveir steinar voru í norðurstafni og einn var hjá hellunni mjóu. Annað grjót var ekki sjáanlegt við fljótlega skoðun“.<sup>5</sup> Kofann segir Páll hafa verið niðurgrafinn en eitthvað upphlaðinn. Hann hafi líklega rúmað tvo menn eins og samskonar kofar á Fagradal og Álftadal.<sup>6</sup> Sumarið 2003 tók Skarphéðinn Þórisson myndir af rústunum og umhverfi þeirra, bæði af landi og úr lofti. Minnisblað úr þeirri ferð fylgir með aftast í skýrslu. Auk þeirrar rannsóknar sem hér um ræðir hafa nokkrar fornleifarannsóknir verið gerðar á fornleifum sem hafa horfið í Háslón eru þar annarsvegar minni rannsóknir á sjö fornleifum<sup>7</sup> auk heildaruppgrafter á selsrústum á Brúaröræfum.<sup>8</sup>

## Rannsókn 2013

Tóftin var rannsökuð á vettvangi þann 9. júlí 2013. Hún liggur undir vatnsborði Háslóns þegar það er í hæstu stöðu og er hún nú nánast horfin í set úr lóninu. Þegar rannsóknin fór fram var tóftin hinsvegar nokkur hundruð metra upp frá vatnsborði lónsins. Tóftin var staðsett með aðstoð hnita fengnum úr meðfylgjandi minnisblaði frá Verkfræðistofu Austurlands og loftmyndum úr greinargerð Skarphéðins Þórissonar.

Tóftin var full af leir og sandi og það eina sem enn mátti greina á yfirborði voru stórir steinar sem hafa verið hluti dyraumbúnaðar.

Ekki var hægt að greina veggj á yfirborði enda sýndi rannsóknin að tóftin hefur verið



Mynd 4. Yfirlitsteikning af tóft og svæðinu umhverfis.


<sup>5</sup> Sama heimild, bls. 59.

<sup>6</sup> Sama heimild, bls. 59.

<sup>7</sup> Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas, 2005.

<sup>8</sup> Gavin Lucas, ritstj. 2007.





Mynd 5. Teikning sem sýnir jarðlög í skurði í plani. Veggir tóftarinnar og þak hafa hrunið ofan í hana og mynda eins og bekki sitt hvor megin í niðurgreftrinum í henni.



niðurgrafin og hefur torf úr þaki og veggjum hrunið ofan í hana. Á yfirborði var því næsta lítið að sjá nema steinana sem fyrir er getið og ferhyrnda dæld sem full var af leirkenndu seti. Tóftin hefur verið um 1,5m að innanmáli og um 2m að lengd. Um tveimur metrum norðaustan tóftarinnar var önnur ferhyrnd sandfyllt dæld um 4,8m löng og 2,7m breið með aflanga steinhellu í austurhlíð hennar og lágu í dyrum kofans. Auk skurðarins sem tekinn var þvert í gegn um tóftina var því ákveðið að taka einnig skurði í ferhyrnda svæðið til að athuga hvort þar gæti verið um

rétt eða annarskonar mannvirki að ræða. Alls voru því teknir fjórir skurðir á svæðinu, einn þvert í gegn um tóftina, tveir skurðir í ferhyrnda svæðið og einn lítill skurður til að skoða afstöðu jarðlaga og gjósku á svæðinu.

### Aðferðarfræði við uppgröft

Útlínur tóftar voru teiknaðar upp með gps tæki (Trimble ProXr) með nákvæmni undir einum metra. Einn könnunarskurður var tekinn þvert í gegn um tóftina. Jarðlög í skurðinum voru grafinn upp hvert fyrir sig og skráð og fjarlægð og norðursnið skurðarins teiknað upp. Teknar voru ljósmyndir af sniði og jarðlögum í skurði. Gripir voru skráðir og ljósmyndaðir. Þar sem frost var enn í jörðu reyndist ekki unnt að grafa í gegn um gólf tóftarinnar í heild sinni heldur var ein skóflubreidd tekin niður til að ákvarða þykkt gólfsins.

### Skurður 1 – Lýsing jarðlaga

(númer í hornklofum eru númer laga á teikningu 1 aftast í skýrslu)

Skurðurinn sem tekinn var þvert í gegn um kofatóftina var 3m langur, 70cm breiður og um 50cm djúpur. Hann lá norðnorðvestur-suðsuðaustur og var norðursnið hans teiknað og er því lýst hér. Augljóst var að tóftin hefur verið niðurgrafin um 50cm og torfveggir reistir á bökkum niðurgraftarins. Efsta lagið í skurðinum [1] var þétt grátt set (leir) lag. Lagið var rétt um 3cm



Mynd 6. Norðursnið í skurðinum sem var tekinn þvert í gegn um tóftina.. Fyrir miðjum skurði sést vel dýpt tóftarinnar og hvernig dældin innan hennar hefur fyllst af seti. Undir setinu, fyrir miðri tóft, kom fram spýtan sem sést á mynd frá 2003. Veggjatorfið sést sem hallandi jarðlög sitt hvoru megin dældarinnar. Veggirnir hafa legið ofan á bökkum niðurgraftarins, nokkurn veginn á yfirborði við sitt hvorn skurðendann.

þar sem það var þynnst út við sitt hvorn skurðendann en um 35cm þykkt fyrir miðri tóft. Neðst í setlaginu lá nokkuð heilleg spýta sem í var nagli. Spýtan sést á yfirborði fyrir miðri tóft á ljósmynd í meðfylgjandi minnisblaði frá 2003 aftast í skýrslu (bls. 1). Undir leirlaginu var um 1-6cm þykkt fokmoldarlag [7] sem lá þvert yfir tóftina. Í fokmoldarlaginu miðju lá óslitin dökk gjóska eftir endilöngu sniðinu, líklega frá 19. eða 20. öld (sjá nánar kafla um gjóskulög). Undir fokmoldarlaginu [7] sitt hvoru megin á bökkum niðurgraftarins í tóftinni var rótað torf [3] úr undistöðum veggja. Leifar veggjanna [2] lágu svo inni í tóftinni og hafa greinilega hrunið inn á við. Veggjatorfið var lagskipt en fremur einsleitt, með grænleitum gjóskulinsum. Undir veggjatorfinu lá svo rótaðra torf [4] og neðst í því var um 4cm þykkt lag með viðarleifum [5]. Þessi lög [4 og 5] hafa tilheyrt þaki kofans en það hefur fallið ofan í tóftina og torfið í veggjunum þar ofan á. Einföld röð af flötum steinum [9] var sitt hvoru megin í tóftinni og virtist hafa hrunið niður með þaktorfinu. Steinarnir hafa líklega legið á veggnum, undir þakröftum.<sup>9</sup> Undir viðarlaginu var svo komið niður á grábrúnt þétt gólflag [6] sem virtist hafa verið um 5cm að þykkt. Neðan þess var komið niður á náttúruleg lög. Í gólfinu fannst eitt dýrabein en

<sup>9</sup> Sigríður Sigurðardóttir, 2011, bls. 13.

engar leifar kola eða ösku sem bent gætu til eldamennsku eða upphitunar. Ekki var þó hægt að greina gólflagið frekar þar sem að frost var í jörðu og erfitt að grafa neðar með góðu móti. Lítil hola var þó grafin niður í gegnum klakann sem reyndist um um 17cm þykkur. Kofinn hefur verið grafin niður í gegn um lagskipt náttúruleg lög, fokmoldarlög [7] og þykkar sandlinsur [8]. Neðarlega í skurðinum rétt ofan við frostlagið kom fram ljós gjóska frá Örafajökli frá 1362. Ofan hennar var svo dökkt gjóskulag, greint sem lag úr Veiðivötnum frá 1477. Annars var harla erfitt að greina nánar gjósku þar sem að jarðlöggin voru mjög sendin og umrótuð vegna vatnsaga.

### Aðrir skurðir

Þrjár aðrir skurðir voru teknir utan tóftarinnar.

Tveir skurðir (skurðir 2 og 3) voru teknir í ferkantað svæði austan tóftarinnar og einn skurður (skurður 4) um 8m frá kofatóftinni.

Skurðirnir í ferkantaða svæðið voru annarsvegar teknir þar sem virtist geta verið veggur vestast á svæðinu (skurður 2) og hinsvegar við stein sem lá austast á svæðinu (skurður 3). Einu jarðlöggin sem greina mátti í skurðunum voru náttúruleg lög sem þó voru mjög umrótuð vegna vatnsaga og landrofs. Á um 5-50cm dýpi kom fram hvíta gjóskan frá 1362 og lá hún ofan á jarðlögum sem bentu til að yfirborðið hafi þá verið nokkuð mishæðótt.

Mismundandi dýpt gjóskunnar í jarðvegi má kenna jarðvegsrofi en ofan hennar virtist jarðvegur mun sendnari og vatnssorfnari. Engin glögg ummerki um torfveggi eða niðurgröft fundust í skurðunum. Lögun svæðisins er því líklega tilviljun ein.



Mynd 7. Horft yfir skurði sem teknir voru utan tóftar. Skurður 2 fjær og skurður 3 nær á mynd. Sjá nánar afstöðu skurða á mynd 4.

### Gjóskulög

Aldur tófta var ákvarðaður út frá gjóskulögum. Einungis 3 gjóskulög voru sæmilega glögg í sniðum skurða, en hafa verður í huga jarðvegurinn var mjög rótaður og sendinn. Neðst í sniðum, rétt ofan frostlags í jörðu var hvít 0,5-2cm þykk ljós gjóska úr Örafajökli frá 1362. Um 9-16cm



ofan hennar var 1cm þykkt dökkt og fínkorna gjóskulag, líklega úr Veiðivötnum frá 1477. Misjöfn jarðvegsþykkt milli laganna er tilkomin vegna misþykkra sandlaga í jarðvegi. Þessi gjóskulagasyrpa er vel þekkt á Austurlandi en efst í jarðvegi, rétt undir setinu úr lóninu var svo að finna dökka gjósku, en óvíst er um aldur hennar. Gjóskusýni voru send til frekari greiningar og voru þau greind af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni jarðfræðingi. Í greinargerð hans segir: „Rústin er staðsett við suðurbakka Kringilsár nyrst í Kringilsárrana. Staðurinn er norðan við hlaupasvæði Brúarjökuls árin 1890 og 1963. Sýni voru skoðuð úr gjóskulagi sem liggur yfir tóftina (sýni 3 og 6). Tóftin er líklegast frá 19. öld í ljósi fornleifarannsóknna.

Þar sem Kringilsárrani liggur nærri eldstöðvum í Vatnajökli, s.s. Grímsvötnum og Bárðarbungu, má búast við að gjóskufall hafi



Mynd 8. Gjóskulög í skurði 5. Neðarlega í sniðinu sést hvíta gjóskan úr Óraefajökli frá 1362. Ofan hennar eru þykk sandlög en ofan þeirra svört gjóskulína úr Veiðivötnum 1477.



Mynd 9. Jarðlög fyrir miðjum skurði í tóftinni. Ef rýnt er í myndina má sjá þunna svarta gjóskulínu sem liggur ofarlega í jarðvegi undir setinu úr lóninu en ofan á hrundu veggjatorfinu í tóftinni. Torfið sést sem lóðréttar línur í jarðveginum vinstra megin mælistikunnar.

orðið þar oft á síðustu öldum. Ekki er mögulegt að slá neinu föstu um gjóskuna sem lagðist yfir tóftina án frekari athugana. Ljóst er þó að lagið er ungt, líklega frá 19. eða 20. öld. Samkvæmt heimildum voru eldgos tíð í eldstöðvum í Vatnajökli á þessum tíma. Greint frá gjóskufalli á NA-landi árin 1873, 1903, 1910, 1922 og 1934. Þykktardreifing gjósku

*frá eldstöðvum í Vatnajökli er almennt lítt þekkt. Gjóskudreifing frá síðustu gosum er þó allvel þekkt.*

*Sýni voru skoðuð úr lagapari neðar í sniðinu (sýni 1 og 2 úr skurði 1). Þar er án efa um lögin Ö-1362 (ljóst) og V-1477 (dökkt) að ræða. “.<sup>10</sup>*

## Gripir

Fáir gripir fundust við rannsóknina og hversdagslegir. Í gólflagi [6] tóftarinnar fannst stakt dýrabein, brot af rifbeini. Auk þess fundust þrjú járnaglar. Einn naglanna var í spýtunni sem lá ofan á tóftinni [neðst í lagi 1] en tveir naglar fundust í viðarlaginu [5] rétt ofan gólfsins. Allir virtust naglarnir vélsníðaðir og dæmigerðir fyrir fjöldaframleidda nagla sem algengir voru á síðari hluta 18. aldar og alla 19. öldina.<sup>11</sup>

---

<sup>10</sup> Magnús Á Sigurgeirsson, óprentuð greinargerð.

<sup>11</sup> Wells, 1998, bls. 80.



## Niðurstöður



Mynd 10. Svæðið að rannsókn lokinni eftir að búíð var að fylla upp í skurðina.

Sumarið 2013 var gerð fornleifakönnun á ætluðum leitarmannakofa í Kringilsárrana. Kofinn hefur líklega verið í notkun á fyrri hluta 19. aldar. Hann hefur verið að hluta niðurgraffinn en þannig hefur þurft lægri vegg og minna torf til byggingar. Töluverðar viðarleifar og flatir steinar lágu í róti í botni tóftarinnar og eru það líklegast leifar kofapaksins. Þakið hefur fyrst fallið niður en síðan hefur torfið úr veggjunum sigið þar ofan á. Engin ummerki voru um að eldur hefði verið kveiktur í tóftinni. Stærð og gerð kofans staðfestir að hann hafi verið skammtíma dvalarstaður sem fellur vel að túlkun minjanna sem leifar leitarmannakofa. Ekki var hægt að greina hvort kofinn hafi verið endurbyggður en hann var í upphafi byggður nokkru eftir að 1477 gjóskan féll og aflagður líklega um eða fyrir Öskjugosið 1875.

Að lokinni rannsókn var fyllt upp í skurðina aftur og gengið frá eins vel og hægt var. Kofatóftin er nú þegar að mestu horfinn í set en hefur enn ekki orðið fyrir rofi. Rétt vestan tóftarinnar rennur hinsvegar lækur í dálitlu gili og hefur rof greinilega aukist efst í gilbökkunum rétt um metra vestan tóftarinnar og er ekki ólíklegt að aukið rof komi til með að hafa áhrif á varðveislu tóftarinnar í náinni framtíð.

## Heimildir:

Adolf Friðriksson (2001). Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka. Reykjavík 2001 *Fornleifastofnun Íslands*. FS135b-00061.

Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas (2005). Rannsókn á sjö fornleifum sem fara undir Háslón við Kárahnjúka.

*Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar* (2000). Finnur N. Karsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

Pálmi Hannesson 1953. *Á Brúaröræfum*. Í: Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson; Hrakningar og heiðavegir. 3. bindi. Norðri, Akureyri; bls. 18-64.

Sigríður Sigurðardóttir (2011). Gamli byggingahættir. *Smárit Byggðasafns Skagfirðinga XIV*. Glaumbæ, 2011.

Þóra Pétursdóttir 2005. Minjar sem hverfa. *Múlaping* 32; 46-68.


Wells, Tom (1998). Nail Chronology: The Use of Technologically Derived Features. *Historical Archaeology*, 1998 32(2): 78-99.

# Fylgiskjöl

# Teikning 1 - norðursnið skurðar í tóft

09.07.2013

GSS, GZ




1. Jökulleir, undir vatnsborði Háslóns



4. Rótað torf, líklega úr þaki



7. Lagskipt náttúruleg lög og fokmold




2. Lagskipt veggjatorf



5. Lag úr þekju með timburleifum



8. Sandur



3. Rótað torf neðst úr vegg



6. Gólflag



9. Steinar

## Fornleifarannsókn - Kringilsárrani 2013 - Ljósmyndskrá

Númer myndar	Dags.	Teg.	Svæði	Tími	Mappa	Lýsing	Tekin í
IMG_0383	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:39:48	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	V
IMG_0384	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:40:16	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	N
IMG_0385	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:40:20	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	N
IMG_0386	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:40:38	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	N
IMG_0387	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:41:08	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	NV
IMG_0388	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:41:38	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	N
IMG_0389	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:41:48	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	N
IMG_0390	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:43:00	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	NA
IMG_0391	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:43:08	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	NA
IMG_0392	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	10:45:44	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af leitarmannatóft í Kringilsárrana fyrir uppgröft	S
IMG_0396	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:00:04	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - spýta sem lá ofan á veggjahruni	Að ofan
IMG_0397	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:00:22	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - spýta sem lá ofan á veggjahruni	N
IMG_0398	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:01:06	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - spýta sem lá ofan á veggjahruni	N
IMG_0399	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:29:52	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - vestur skammsnið	V
IMG_0400	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:29:52	Skurður 2	Skurður 1, vestari skammendi	V
IMG_0401	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:31:24	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - steinar úr torfhruni - austurhluti norðursniðs	Að ofan
IMG_0402	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:57:34	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - austurhluti norðursniðs	Að ofan
IMG_0403	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:57:40	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - austurhluti norðursniðs	Að ofan
IMG_0404	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:57:56	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft	E
IMG_0405	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:59:04	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft -yfirlitsmynd	NV
IMG_0406	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:59:16	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - yfirlitsmynd af norðursniði	NV
IMG_0407	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:59:36	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - austari hluti norðursniðs	N
IMG_0408	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:59:40	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - austari hluti norðursniðs	N
IMG_0409	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:59:46	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - austari hluti norðursniðs	N
IMG_0410	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	11:59:54	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - austari hluti norðursniðs	N
IMG_0411	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:00:28	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - austari hluti norðursniðs	N
IMG_0412	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:11:52	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - yfirlitsmynd	V
IMG_0413	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:11:56	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - yfirlitsmynd	V
IMG_0414	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:12:06	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - jarðlög í vestari enda	S
IMG_0415	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:12:14	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft	E
IMG_0419	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:26:16	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af skurðum 2 og 3	N



## Fornleifarannsókn - Kringilsárrani 2013 - ljósmyndskrá

Númer myndar	Dags.	Teg.	Svæði	Tími	Mappa	Lýsing	Tekin í
IMG_0420	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:26:42	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af skurðum 2 og 3	N
IMG_0421	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	13:51:00	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af svæðinu við upphaf uppgrafatar	N
IMG_0422	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	13:52:00	Aðrir skurðir	Skurður 5 - norðaustan tóftar	A
IMG_0423	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	13:52:10	Aðrir skurðir	Skurður 5 - norðaustan tóftar	A
IMG_0424	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	13:52:22	Aðrir skurðir	Skurður 5 - norðaustan tóftar	A
IMG_0425	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:05:38	Aðrir skurðir	Skurður 4 við stóran stein norðaustan tóftar	A
IMG_0426	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:05:46	Aðrir skurðir	Skurður 4 við stóran stein norðaustan tóftar	A
IMG_0427	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:05:46	Aðrir skurðir	Skurður 4 við stóran stein norðaustan tóftar	A
IMG_0428	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:06:16	Aðrir skurðir	Skurður 4 við stóran stein norðaustan tóftar	NA
IMG_0429	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:06:42	Aðrir skurðir	Yfirlitsmynd, skurður 4 í forgrunni og skurður 3 í bakgrunni	V
IMG_0431	3.9.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:00:55	Aðrir skurðir	Skurður 2 í meintan torfvegg norðan tóftar	S
IMG_0432	3.9.2013	TIFF	Kringilsárrani	12:03:01	Aðrir skurðir	Skurður 2 í meintan torfvegg norðan tóftar	S
IMG_0433	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:33:44	Aðrir skurðir	Skurður 2 í meintan torfvegg norðan tóftar - suðursnið	S
IMG_0434	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:49:34	Aðrir skurðir	Skurður 2 í meintan torfvegg norðan tóftar	A
IMG_0435	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:49:44	Aðrir skurðir	Skurður 2 í meintan torfvegg norðan tóftar	A
IMG_0436	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:49:44	Aðrir skurðir	Skurður 2 í meintan torfvegg norðan tóftar	NA
IMG_0437	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	14:50:52	Aðrir skurðir	Skurður 2 í meintan torfvegg norðan tóftar	N
IMG_0440	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:12:32	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft	N
IMG_0441	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:12:48	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft	N
IMG_0442	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:30:08	Aðrir skurðir	Skurður 3 í mögulegan torfvegg -	S
IMG_0443	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:30:10	Aðrir skurðir	Skurður 3 í mögulegan torfvegg - norðursnið	S
IMG_0444	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:30:10	Aðrir skurðir	Skurður 3 í mögulegan torfvegg -	V
IMG_0445	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:31:02	Aðrir skurðir	Skurður 3 í mögulegan torfvegg - norðursnið	S
IMG_0446	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:40:18	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft	V
IMG_0447	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:40:26	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft	N
IMG_0448	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:40:44	Skurður 1	Skurður 1 - jarðlög í vestari enda	Að ofan
IMG_0449	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:40:58	Skurður 1	Skurður 1 - yfirlitsmynd	V
IMG_0450	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	15:48:54	Skurður 1	Skurður 1 - viðarlag úr þekju í miðri tóft	V
IMG_0451	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:13:14	Skurður 1	Skurður 1 - austari endi	Að ofan
IMG_0452	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:13:22	Skurður 1	Skurður 1 viðarlag úr þekju í miðri tóft	Að ofan
IMG_0453	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:14:00	Skurður 1	Skurður 1 - grjóthrun í miðju tóftar	Að ofan
IMG_0454	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:14:14	Skurður 1	Skurður 1 - vestari endi norðursniðs	Að ofan

## Fornleifarannsókn - Kringilsárrani 2013 - ljósmyndskrá

Númer myndar	Dags.	Teg.	Svæði	Tími	Mappa	Lýsing	Tekin í
IMG_0455	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:14:30	Skurður 1	Skurður 1- yfirlitsmynd	A
IMG_0459	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:39:46	Skurður 1	Skurður 1 yfirlistmynd	NV
IMG_0460	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:40:00	Skurður 1	Skurður 1 - yfirlistmynd	V
IMG_0461	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:40:18	Skurður 1	Skurður 1 - gólflög í miðju tóftar	Að ofan
IMG_0462	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:40:28	Skurður 1	Skurður 1 - gólflög í miðju tóftar	Að ofan
IMG_0463	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:40:40	Skurður 1	Skurður 1 - vestari endi	NA
IMG_0465	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	16:54:46	Skurður 1	Skurður 1 - timburleifar úr þekju í miðri tóft	Að ofan
IMG_0466	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	17:17:20	Skurður 1	Skurður 1 - timburleifar úr þekju í miðri tóft	Að ofan
IMG_0467	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	17:17:48	Skurður 1	Skurður 1- dökk gjóska yfir hrundum veggjum í austur enda skurðar	N
IMG_0468	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	17:17:56	Skurður 1	Skurður 1 - dökk gjóska yfir hrundum veggjum í austur enda skurðar	N
IMG_0469	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	17:50:04	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af svæðinu eftir að gengið var frá skurðum	N
IMG_0470	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	17:50:16	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af svæðinu eftir að gengið var frá skurðum	NA
IMG_0471	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	17:50:40	Yfirlitsmyndir	Yfirlitsmynd af svæðinu eftir að gengið var frá skurðum	SV
IMG_0400	9.7.2013	TIFF	Kringilsárrani	3 12:22:0	Skurður 1	Skurður 1 þvert í tóft - vestur skammendi	

## Fornleifarannsókn í Kringilsárrana 2013 - gripaskrá

Nr. Grips	Tegund	Efni	Lengd mm	Breidd mm	Þykkt mm	Lýsing
Þjms 2013-56	Nagli	Járn	73,1	3,7	3,7	Ferkantaður nagli, mjókkar niður í
Þjms 2013-57	Nagli	Járn	54,4	3,7	3,7	Járnnagli með tveimur sléttum hliðum sem mjókka niður, oddur flatur
Þjms 2013-58	Nagli	Járn	52,3	5,6	3mm	Boginn nagli með timburleifum
Þjms 2013-59	Rif	Bein				Brot úr dýrabeini

## Minjar í Kringilsárrana

Í skýrslu um „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka“ (Adolf Friðriksson 2001) er taldar upp minjar sem hverfa eða raskast vegna Háslóns. Engar minjar eru nefndar við Kringilsá en þar eru bæði kláfstæði og tættur leitarmannakofa eins og Þóra Pétursdóttir (2005) hefur bent á. Páll Pálsson (munnl. uppl.) leitaði að kláfstæðinu fyrir virkjun en fann ekki en kláfurinn var talinn hafa verið á svipuðum slóðum og sá sem var settur á Kringilsá 2005. Mjög brýnt er að skoða tættur leitarmannakofans áður en set lónsins kaffærir þær. Í september 2008 var byrjað að reisa foggirðingu á friðlandsmörkunum sem eru líklega örstutt innan tættana. Foggirðingin gæti flýtt fyrir því að leifar kofans hverfi undir sand.

Leitarmannakofans er getið í skrifum Pálma Hannessonar um ferð um Brúaröræfi 1933 en þar segir: „*Gljúfur er að Kringilsá alldjúpt með grágrytisbömrum efst, en móbergi niður þaðan. Foss allmikill er efst í gljúfrinu. Upp frá honum fundum við tættur af leitarmannakofa.*“ (Pálmi Hannesson 1953; 52). Sumarið 2002 endurfann Páll Pálsson tætturnar og voru þær heimsóttar haustið 2003 (1. og 2. mynd) og myndaðar úr lofti 23. júlí 2008 (3. og 4. mynd).



1. mynd. Tættur leitarmannakofa í Kringilsárrana 10. september 2003.





2. mynd. Dagný Indriðadóttir, dótturdóttir Pálma Hannessonar í tattum leitarmannakofans í Kringilsárrana 10. september 2003 fundnum eftir tilsögn Páls Pálssonar.



3. mynd. Tattur leitarmannakofa í Kringilsárrana 23. júlí 2008. Sér í Kringilsárrana til hægri.





4. mynd. Tættur leitarmannakofa í Kringilsárrana 23. júlí 2008. Leifar Töfrafoss lengst til vinstri.

## Heimildir

Adolf Friðriksson ritstj. 2001. Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.

Reykjavík 2001 *Fornleifastofnun Íslands*. FS135b-00061.

Pálmi Hannesson 1953. *Á Brúaröræfum*. Í: Pálmi Hannesson og Jón Eypórsson; Hrakningar og heiðavegir. 3. bindi. Norðri, Akureyri; bls. 18-64.

Páll Pálsson munnl. uppl. í september 2008.

Þóra Pétursdóttir 2005. Minjar sem hverfa. *Múlaping* 32; 46-68.



# MINNISBLAÐ

**TIL:** Péturs Ingólfssonar

**FRÁ:** Óla Grétari Metúsalemssyni

**DAGS.:** 9/1 2012

**VARÐAR:** Skoðun á rústum við Kringilsá

---

Þann 26/8 2011 fóru menn á okkar vegum til að finna og mæla upp kofarústir sunnan Kringilsár. Rústirnar voru staðsettar í hæð og plani og myndaðar. Gróf staðsetning þeirra er  $N=485\ 506$ ,  $A=646\ 747$   $z=624,5$  m.y.s.



*Mynd 1*

Þar sem rústirnar eru neðan lónborðs (625 m.y.s) var gróður visnaður og talsverður sandur kominn í þær. Rústirnar voru ekki farnar að spillast af vatnagangi, en eins og sést á mynd 2 var rof byrjað nærri þeim og ekki gott að segja hvað gerst hefur á liðnu hausti. Rof hefur þó verið lítið á þessum slóðum en gróðurþekjan er nú að gefa eftir sem er forsenda rofs.



*Mynd 2*

Ekki hefur verið skoðað hvernig væri hægt að verja rústirnar ágangi lónsins, en staðsetning þeirra á lækjarbakkanum og hæð undir lónborði gerir það ekki auðvelt þó ekkert sé ómögulegt. Einnig hlýtur það að vera spurning hvort ástæða er til þess þar sem lónið hefur þegar spillt útliti þeirra.



*Mynd 3*



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík  
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is  
Sími: 515 90 00

